

# VENN KORT

## Venn diagram

### Aldurshópur

Öll stig grunnskólans

### Um aðferðina

Venn kort komu fyrst fram á sjónarsviðið innan stærðfræðinnar seint á 19. öld en kortin eiga sér þó enn lengri sögu því þau hafa verið notuð í einhverri mynd í að minnsta kosti 600 ár. Venn kortunum var upphaflega beitt við úrlausn flókinnar stærðfræðiverkefna en þau hafa einnig verið notuð innan fjölmargra annarra greina svo sem málvísinda, rökfræði, viðskiptafræði og tölvunarfræði.

Venn kort hafa verið notuð í lestrarkennslu til að:

- Gera nemendum kleift að setja upplýsingar fram á sjónrænan og skipulegan hátt.
- Hjálpa nemendum að koma auga á innbyrðis tengsl fyrirbæra með því að greina hvað er líkt/ólíkt.
- Hjálpa nemendum að skipuleggja og fella nýjar upplýsingar að því sem vitað er fyrir.
- Að efla orðaforða og lesskilning.

Kostir Venn korta felast meðal annars í því:

- Að þau bjóða upp á umræður þar sem eiginleikar fyrirbæra eru ræddir af dýpt.
- Að umræðan sem skapast leiðir til fjölbreyttrar orðnotkunar og tileinkunar á nýjum orðum.

Venn kort má nota t.d. til ...

- samanburðar á sögum.
- samanburðar á sögupersónum.
- samanburðar á dýrategundum.
- samanburðar á siðum og venjum.
- samanburðar á löndum.


### Gögn

Þessu verkefni fylgja dæmi um útfærslur á tveggja þátta og þriggja þátta Venn kortum en jafnframt er að finna tvær gerðir af óútfylltum Venn kortum sem kennarar geta notað í kennslu. Þriggja þátta Venn kort reynir nokkuð meira á nemendum svo þau kunna að henta betur eldri nemendum og þeim sem eru vanir að vinna með Venn kort.


## Framkvæmd

1. Val á viðfangsefni.
2. Útlistun á eiginleikum hvors/hvers fyrirbæris fyrir sig.
3. Tveir hringir/kassar teiknaðir á autt blað.
4. Allir hlutar kortsins útskýrðir (A, B, AB).
5. Það sem er ólíkt er fært inn á „ólíkt“ svæðin.
6. Það sem er líkt er fært inn á „líkt“ svæðið.
7. Umræður um efni kortsins.


## Tveggja þátta Venn kort




## Þriggja þátta Venn kort




## Venn kort - dæmi




## Venn kort - dæmi



Venn kort



Venn kort



Venn kort

